

Til stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs

Tillaga til ályktunar

Óskast borið upp á ársfundi
Gildis-lífeyrissjóðs 12. apríl 2018

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs 2018 samþykkir að á næstu stjórnarfundum Haga, N1 og Eimskips muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækjanna bera fram eftirfarandi tillögu:

Stjórnir Haga, N1 og Eimskips samþykkja að ráðningasamningar við forstjóra fyrirtækjanna verði teknir til endurskoðunar þannig að samanlögð árslaun og hlunnindi fari ekki umfram 48 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækjanna teknir til endurskoðunar þar sem laun og hlunnindi þeirra verði innan hóflegra marka.

Greinargerð:

Í hluthafastefnu Gildis-lífeyrissjóðs segir m.a um starfskjör og starfskjara-stefnu:

„Við ákvörðun launa forstjóra telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.“

Eignarhlutur Gildis lífeyrissjóðs í Högum er 12,95%, 9,22% í N1 og 9,42% í Eimskip. Samkvæmt ársskýrslu Haga 28. febrúar 2017 voru árslaun og hlunnindi forstjóra 76,6 milljónir rekstrarárið 1. mars 2016 – 28. febrúar 2017, um 6,4 milljónir á mánuði, árslaun forstjóra N1 árið 2017, 70,5 milljónir, um 5,9 milljónir á mánuði og forstjóra Eimskips árið 2017, 102,6 milljónir um 8,5 milljónir á mánuði.

Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan siðlegra marka hjá eigendum Gildis lífeyrissjóðs.

Reykjavík 4. apríl 2018

Örn Pálsson framkvæmdastjóri, sjóðfélagi
og fulltrúi Landssambands smábátaeigenda
í fulltrúaráði Gildis-lífeyrissjóðs